

Ed.

770. Nefndarálit

[341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarp um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Með vísan til nefndarálita og breytingartillagna, sem fluttar eru af 1. minni hl. við fyrrgreind frumvörp, leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt, en vekur jafnframt athygli á að nauðsynlegt er að endurákvarða prósentu hækkunar reiknaðs endurgjalds manna í sjálfstæðum atvinnurekstri í samræmi við almennar tekjubreytingar milli árana 1986 og 1987 þegar þær tekjubreytingar liggja ljósar fyrir.

Alþingi, 6. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.